



Samtök íslenskra handverksbrugghúsa
Kt 530218-1550

Alþingi - Nefndasvið

Reykjavík 21. nóvember 2023

Umsögn Samtaka Íslenskra handverksbrugghúsa um frumvarp til laga um skatta og gjöld (gistináttaskattur, áfengisgjald o.fl.), 468. mál.

Stjórn samtaka íslenskra handverksbrugghúsa tók fyrir ofangreint frumvarp á fundi sínum í nóvember. Þá sérstaklega V. KAFLI Breyting á lögum um gjald af áfengi og tóbaki, nr. 96/1995.

Það er einróma afstaða stjórnar að þessar breytingar séu til fyrirmyndar og í samræmi við langvarandi baráttumál samtakana um afslátt af álögðum áfengisgjöldum á framleiðslu smærri framleiðenda í samræmi við nágrannalönd okkar.

Í dag eru 28 starfandi brugghús um land allt meðlimir í Samtökum handverksbrugghúsa með á þriðja hundrað starfsmenn. Brugghúsin eru mikilvægur þáttur í atvinnulífi og menningu víðsvegar um landið og stuðla að bættri upplifun ferðamanna með gæðavörum úr héraði.

Stjórn samtaka íslenskra handverksbrugghúsa styður frumvarpið og umræddar breytingar heilshugar.

Fyrir hönd stjórnar